

Nr. 254

9. mars 2007

AUGLÝSING um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017, svæði sunnan Hólahverfis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Svæði fyrir íbúðarbyggð sunnan Hólahverfis breytist í svæði með blandaðri landnotkun (verslun og þjónusta og íbúðarsvæði).
2. Gert er ráð fyrir opnu grænu svæði ásamt gönguleið á svæði milli íbúðarbyggðar og svæðis fyrir íbúðarbyggð og verslun og þjónustu að Byggðarvegi.
3. Lögun íbúðarsvæðis breytist lítillega til norðurs og austurs.
4. Lega Byggðarvegar breytist lítillega og gert er ráð fyrir nýrri tengingu við Oddnýjarbraut.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007